

Fimmtudaginn 11. desember 1947.

Kærumálið nr. 22/1947. Jón Guðmundsson

gegn

Sveini V. Jónssyni

Kærður úrskurður fúgetadóms um endurupptöku máls.

Dómur hæstaréttar.

Kristján borgarfógeti Kristjánsson hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 28. f. m., sem hingað barst 2. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 198. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð fúgetadóms Reykjavíkur, er upp var kveðinn 28. nóv. s. l., í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja.

Sóknaraðili krefst þess aðallega, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og varnaraðilja dæmt að greiða honum kærú málskostnað eftir mati hæstaréttar. Til vara krefst hann þess, að meðferð málsins fyrir fúgetadómi verði ómerkt og Kristjáni borgarfógeta Kristjánssyni dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að skaðlausu. Hvernig sem málið fer, krefst sóknaraðili þess, að Gústafi A. Sveinssyni hæstaréttarlögmanni verði dæmd þyngsta refsing, er lög leyfa, fyrir að tefja dómsmálið og úrslit þess.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, hrundið verði refsikröfu sóknaraðilja og honum dæmt að greiða kærú málskostnað að skaðlausu.

Borgarfógeti hefur ekki sent hæstarétti athugasemdir í málinu.

Umboðsmaður varnaraðilja, Gústaf A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður, fór þess á leit við fulltrúa borgarfógeta, að hann frestaði þinghaldi í fúgetadómi Reykjavíkur þann 8. f. m. í 5—10 mínútur, til þess að hann gæti sent löghæfan umboðsmann á þingið. Vegna andmæla umboðsmanns sóknaraðilja varð fulltrúinn ekki við þessari beiðni, og var málið þá tekið til úrskurðar. Telja verður, að fulltrúinn hefði, eins og atvikum var háttað og nú var lýst, átt að fresta þinghaldinu um stund, og þykir því endurupptaka málsins hafa

verið heimil. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Varakrafa sóknaraðilja er löglaus í kærumáli og verður ekki sinnt. Refsikrafa hans á hendur umboðsmanni varnaraðilja þykir heldur ekki hafa við rök að styðjast.

Umboðsmaður sóknaraðilja, Magnús hæstaréttarlögmaður Thorlacius, hefur sýnt óhæfilega stírfni með því að andmæla frestbeiðni þeirri, sem að framan er lýst, og auk þess kært mál þetta til hæstaréttar ófyrirsynju. Þar sem málið hefur verið rekið með þessum hætti fyrir hönd sóknaraðilja, verður ekki hjá því komizt að dæma hann til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 400.00.

Átelja ber og ómerkja ex officio eftirtalin ósæmileg ummæli Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns í greinargerð hans til hæstaréttar: „... enda hefur að ósekju verið hyllzt til að hafa þá heyrnarlausá“. „Tjóar ekki að slíku sé beitt, aðeins ef málflytjendur hreyfa því í fólsku.“

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðili, Jón Guðmundsson, greiði varnaraðilja, Sveini V. Jónssyni, kr. 400.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fúgetadóms Reykjavíkur 28. nóvember 1947.

Með beiðni, dags. 28. f. m., krefst Jón Guðmundsson, Frakkastíg 19 hér í bæ, þess, að Sveinn V. Jónsson verði borinn út úr húsnæði því, er hann dvelur nú í á Frakkastíg 19.

Var mál þetta tekið fyrir hér í fúgetaréttinum 31. f. m., og var þá lagt fram útburðarbeiðni og eftirrit af úrskurði húsaleigunefndar. Fyrir gerðarbeiðanda mætti þá Jóhann Steinason cand. jur. vegna Magnúsar Thorlacius hrl., en gerðarþoli, Sveinn V. Jónsson, mætti sjálfur og mótmælti framgangi gerðarinnar.

Umboðsmanni gerðarbeiðanda var þá veittur frestur til greinargerðar þar til 4. þ. m. Á tilteknum tíma var mál þetta tekið fyrir á ný, og mættu þá sömu menn og áður. Umboðsmaður gerðarbeiðanda lagði þá fram greinargerð og endurrit úr bæjarþingsbók

Reykjavíkur. Gerðarþoli fékk þá frest til greinargerðar þar til 8. þ. m. Á tilteknum tíma var mál þetta tekið fyrir, og mætir þá fyrir gerðarbeiðanda Magnús Thorlacius hrl., en fyrir gerðarþola mætir Jóhann Hafsteen vegna Gústafs A. Sveinssonar hrl., og leggur hann fram greinargerð. Eftir að fógæti hafði veitt henni viðtöku og þingmerkt hana á venjulegan hátt, lét umboðsmaður gerðarbeiðanda bóka mótmæli þess efnis, að umboðsmaður gerðarþola hefði ekki heimild lögum samkvæmt til að mæta á dómþingi, og mótmælti hann jafnframt skjali því, sem hann hafði lagt fram sem markleysu og krafðist þess, að gerðin færi fram. Eftir að umboðsmaður gerðarþola hafði mótmælt þessari bókun, var málið tekið undir úrskurð.

Þann 15. þ. m. var réttur settur á ný, og mál þetta tekið fyrir. Mætir þá og Magnús Thorlacius hrl. fyrir gerðarbeiðanda og Gústaf A. Sveinsson hrl. fyrir gerðarþola, og óskaði hann eftir því, að mál þetta yrði tekið fyrir aftur og lagði fram í því sambandi bréf til fógætaréttarins. Gerir hann þar meðal annars grein fyrir forföllum sínum, þegar mál þetta var tekið fyrir 8. þ. m. Kveðst hann vera starfsmaður Vinnuveitendafélags Íslands, og hafi hann orðið að sitja fund Vinnuveitendafélagsins, þegar mál þetta átti að takast fyrir, og hafi hann því sent starfsmann sinn, Jóhann Hafsteen, fyrir sig til þess að mæta í réttarhaldi þessu.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda mótmælti endurupptöku máls þessa og staðhæfði, að hvorki gerðarþoli né umboðsmaður hans hefði haft lögleg forföll á dómþinginu 8. þ. m. Því er eigi sérstaklega mótmælt, að umboðsmaður gerðarþola, Gústaf A. Sveinsson hrl., sé starfsmaður Vinnuveitendafélags Íslands og að hann hafi setið fund þess félags á þeim tíma, er mál þetta féll í rétt 8. þ. m. Þykir því verða að meta fjarvist hans úr þinghaldi lögleg forföll, og ber því að endurupptaka málið samkvæmt 118. gr. sbr. 223. gr. einkamálaganna nr. 85 frá 23. júní 1936.

Því úrskurðast:

Útburðarmál þetta skal endurupptekið.